



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

KVEÐJA TIL NÝKJÖRINS FORSETA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur í morgun sent Guðna Th. Jóhannessyni eftirfarandi bréf:

Bessastöðum 26. júní 2016

Kæri Guðni.

Ég óska þér til hamingju með að vera kjörinn forseti Íslands og vona að farsæld fylgi þér í þeim ábyrgðarmiklu störfum sem senn taka við. Það er mikil gæfa að njóta slíks trausts íslenskrar þjóðar og geta með störfum forseta stuðlað að heill hennar og velgengni á komandi árum.

Við Dorrit óskum fjölskyldu þinni góðrar tíðar á Bessastöðum. Fegurð staðarins, andi sögunnar og svipmikil náttúra búa daglegu lífi einstæða umgjörð og við vonum að þið hjónin og börn ykkar munið njóta hér góðra stunda.

Með bestu óskum um farsæld á nýrri vegferð.

Ólafur Ragnar Grímsson

26. júní 2016

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).